



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

9. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Mánudagur 13. október 2025 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Jón Bender (JB), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Sigríður Sigurðardóttir (SS), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Hugi Halldórsson (HH) og Margrét Kara Sturludóttir (MKS)

Forföll boðaði: Herbert Arnarson (HA) varaformaður

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir síðustu tveggja fundar samþykktar og verið birtar á kki.is.

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir nokkur mál til upplýsinga.

3. Landsliðsþjálfari karla, EM gluggi kvenna í nóv og HM gluggi karla í nóv

HSJ fór yfir nýjan samning við Craig Pedersen fram yfir EuroBasket 2029, stjórn samþykkti að HA og HSJ kláir samning við Craig. HSJ fór einnig yfir undirbúning á landsliðsgluggum kvenna og karla í febrúar.

4. Skattamál íþróttahreyfingarnar

KA fór yfir málið, Skatturinn hefur sent bréf til félaganna í efstu deildunum og óskað eftir ákveðnum upplýsingum. Skýtir skökku við að senda þetta bréf á þesum tímapunkti þar sem í lok sumar var skipaður vinnuhópur á vegum Fjáramálaráðuneytisins og ÍSÍ. ÍSÍ heldur utan um málið og upplýsir um framgang málsins.

5. Formannafundur

Ákveðið að hafa formannafund mánudaginn 3. nóvember og hafi fundinn eingöngu sem staðfund. Farið verður yfir ýmis mál eins og; skattamál hreyfingarinnar, dómaramálefni, leyfiskerfi, fjármálm, breytingu á reglugerðum, samskipt innan hreyfingarinnar og fleira. Góðar umræður um málefni og tilgang fundarsins

6. Fjármál 9 mánaða uppgjör

EH fór yfir 9 mánaða uppgjör. Uppgjörið kemur vel út og allar líkur á að árið 2025 muni verða nálægt áæltun. Umræður um fjármál.

7. Reglugerð um félagaskipti

Lagðar voru fram breytingar á reglugerð um félagaskipti vegna atviks sem kom upp nýlega. Góðar umræður og breytingar samþykktar og taka strax gildi.

Breytingar voru gerðar á þriðju (3) grein reglugerðar um félagaskipti og á grein fjörutíu og fimm (45) í reglugerð um körfuknattleiksmót þar sem fjallað er um bikarkeppni.

Aðildarfélögum verður tilkynnt strax um þessar breytingar.

8. Dómaramálefni

JB fór yfir dómaramálefni. Met mæting á haustfund dómara og aldrei fleiri dómara verið á niðurröðun dómaranefnda. Einnig farið mál dómara sem hefur verið í fjölmiðlum og stjórn rætt ítrekað áður.

9. Körfuknattleiksping 2027 – hvernig getum við bætt/lagað

Frestað til næsta fundar

10. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Farið yfir starf nefnda

11. Næsti stjórnarfundur

Samkvæmt dagatali á næsti fundur að vera mánudaginn 3.nóvember, KA og HSJ og finna annan tíma og senda upplýsingar sem fyrst.

12. Önnur mál

Fundi slitið kl.19.15